



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 19/2006

**Kvörtun Byggingafélagsins Aðalvíkur ehf. yfir notkun  
Aðalvíkur ehf. á firmanafninu**

**I.**

**Erindið**

Með erindi, dags. 30. nóvember 2004, til Samkeppnisstofnunar kvartar Hulda R. Rúriksdóttir hdl., f.h. Byggingafélagsins Aðalvíkur ehf., yfir firmanafni Aðalvíkur ehf. Í erindinu segir að Byggingafélagið Aðalvík hafi verið stofnað árið 1991 með alhliða bygginga- og verktakastarfsemi sem aðaltilgang. Félagið Aðalvík hafi verið stofnað árið 1998 og tilgangur þess sé hinn sami og Byggingafélagsins Aðalvíkur.

Tekið er fram að Byggingafélagið Aðalvík hafi orðið fyrir verulegum óþægindum vegna Aðalvíkur þar sem fyrirtækinu hafi borist reikningar, sem færðir hafi verið á nafn, kennitölu og heimilisfang Byggingafélagsins Aðalvíkur. Ýmis innheimtubríf hafi þar af leiðandi borist og í heimabanka hafi komið upp ógreiddir reikningar Aðalvíkur. Byggingafélagið Aðalvík hafi sent þá reikninga sem því hafi borist til Aðalvíkur og beðið um að gætt yrði að því að úttektir og vinna væru færð á nafn rétts fyrirtækis. Þrátt fyrir það berist enn reikningar á nafni Byggingafélagsins Aðalvíkur sem séu í raun skuld Aðalvíkur. Meðfylgjandi erindinu séu tveir síðustu reikningarnir sem borist hafi.

Óskað er eftir að Samkeppnisstofnun taki erindið til meðferðar með vísan til 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins). Byggingafélagið Aðalvík hafi notað nafn fyrirtækisins frá árinu 1991 en það hafi orðið fyrir verulegum óþægindum þar sem Aðalvík hafi notað nafn sitt með afar villandi hætti.



## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 9. desember 2004, var erindi Byggingafélagsins Aðalvíkur sent Aðalvík til umsagnar. Svar barst frá Páli Jóhannessyni hdl., f.h. Aðalvíkur, dags. 28. desember 2004.

Í svarinu er því alfarið vísað frá að Aðalvík hafi notað nafn sitt með villandi hætti. Fyrirtækið hafi starfað við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og sé því vel þekkt á markaðnum.

Í þeim tilvikum sem reikningar hafi verið gefnir út á rangan aðila hafi reikningsútgjafendur gert mistök því þeir hafi flett upp röngum aðila, t.d. í símaskrá eða þjóðskrá, án þess að leita frekari upplýsinga frá Aðalvík. Ekki fáist séð hvernig Aðalvík hafi notað nafn sitt með villandi hætti í þeim tilfellum.

Þá er tekið fram að samkvæmt útprentun frá Hlutafélagaskrá stundi Byggingafélagið Aðalvík ekki atvinnustarfsemi. Mikil verðmæti séu hins vegar fólgin í nafni Aðalvíkur enda hafi firmanafnið verið byggt upp á mörgum árum.

### **2.**

Bréf Aðalvíkur var sent Huldu R. Rúriksdóttur hdl., f.h. Byggingafélagsins Aðalvíkur, til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 5. janúar 2005. Svar hennar er dagsett 25. janúar 2005 og með því fylgir innheimtubréf sem barst Byggingafélaginu Aðalvík eftir að fyrra bréf var sent.

Í svarinu eru fyrri rök ítrekuð og tekið fram að sú skylda hvíli á Aðalvík að sjá til þess að skuldir þess séu skráðar á nafn Aðalvíkur en að ábyrgðin hvíli ekki á þeim sem geri reikning vegna viðskiptanna. Ítrekað hafi verið reynt að ræða við fyrirsvarsmenn Aðalvíkur um að haga málum þannig að ekki skapist óþægindi fyrir Byggingafélagið Aðalvík og að reikningar yrðu færðir á rétt fyrirtæki en án árangurs. Þá sé þess krafist að Samkeppnisstofnun beiti þeim viðurlögum sem löggin geri ráð fyrir og kveði á um að Aðalvík sé óheimilt að nota það nafn í viðskiptum sínum.

### **3.**

Páli Jóhannessyni hdl., f.h. Aðalvíkur, var sent svar Byggingafélagsins Aðalvíkur til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 28. janúar 2005. Svar Aðalvíkur er dagsett 14. febrúar 2005.

Þar er á það bent að í viðskiptaskrá Húsasmiðjunnar sé Byggingafélagið Aðalvík skráð sem Aðalvík byggingafélag. Samkvæmt þessu sé það því ekki Aðalvík sem noti



nafn sitt með villandi hætti heldur Byggingafélagið Aðalvík. Fyrirtækinu beri að nota skráð firmanafn en ekki breyta því þannig að misskilningur skapist.

Sú staðhæfing Byggingafélagsins Aðalvíkur að það hafi notað nafn sitt frá árinu 1991 standist ekki þar sem fyrirtækið stundi ekki atvinnustarfsemi. Byggingafélagið Aðalvík eigi ekki rétt á vernd skv. 12. gr. laga nr. 57/2005 né rétt á nafni fyrirtækisins þar sem skráning félags án nokkurrar starfsemi geti ekki veitt slík réttindi. Þá er vísað til umfjöllunar í ritinu Ísland, atvinnuhættir og menning sem sýni að Aðalvík noti auðkenni sitt með mjög virkum hætti.

Þá sé því hafnað að Byggingafélagið Aðalvík hafi ítrekað reynt að ræða við fyrirsvarsmenn Aðalvíkur án árangurs. Tvö símtöl hafi borist vegna innheimtubréfa sem Byggingafélagið Aðalvík hafi fengið og reynt hafi verið að leiðrétta misskilninginn í þeim tilfellum. Þá muni Aðalvík koma í veg fyrir frekari misskilning enda hafi fyrirtækið enga ástæðu til annars.

#### 4.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 28. febrúar 2005, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni.

Hulda R. Rúriksdóttir hdl., f.h. Byggingafélagsins Aðalvíkur, sendi með bréfi, dags. 9. mars 2005, nýjan reikning sem barst vegna skuldar Aðalvíkur.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 30. júní 2005, var málsaðilum tilkynnt að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sama dag falli úr gildi. Þá kom fram í bréfinu að Neytendastofa hefði eftirlit með lögnum og að málið flyttist til þeirrar stofnunar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 31. október 2005, til Byggingafélagsins Aðalvíkur var sökum tafa á afgreiðslu málsins óskað upplýst hvort enn væru uppi óskir um að úrskurðað yrði í málinu. Með tölvupósti Huldu R. Rúriksdóttur hdl., f.h. Byggingafélagsins Aðalvíkur, dags. 10. nóvember 2005, var óskað eftir úrskurði í málinu.

#### 5.

Með bréfi Huldu R. Rúriksdóttur hdl., f.h. Byggingafélagsins Aðalvíkur, dags. 27. febrúar 2006, er bent á rugling sem varð þegar Byggingafélagið Aðalvík sótti um lóðir. Þar segir að við lóðaúthlutun hafi bæjarfélagið fyrir mistök skráð lóðirnar á kennitölu Aðalvíkur og í framhaldinu hafi Aðalvík gert kröfu um að fá lóðirnar.



Páli Jóhannessyni hdl., f.h. Aðalvíkur, var sent bréf Byggingafélagsins Aðalvíkur til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. mars 2006. Svar Aðalvíkur er dagsett 10. mars 2006 og er þar lýst undrun yfir ásökunum Byggingafélagsins Aðalvíkur.

Aðalvík hafi borist bréf þess efnis að því hefði verið úthlutað lóð í Mosfellsbæ. Fyrirtækið hafi þá haft frumkvæði að því að upplýsa Mosfellsbæ um mistökin en ekki gert kröfu um að fá lóðina eins og Byggingafélagið Aðalvík haldi fram. Ástæða ruglingsins sé sú að Byggingafélagið Aðalvík hafi skilað inn umsókn undir nafninu Aðalvík ehf. og eigi því sjálft sök á mistökunum.

Byggingafélagið Aðalvík hafi nýtt sér nafn og viðskiptavild Aðalvíkur við lóðaumsóknina þar sem fyrirtækið Aðalvík hafi verið skoðað og meðferð umsóknar hafi miðast við það. Hefðu upplýsingar um Byggingafélagið Aðalvík verið skoðaðar þá myndi umsóknin hafa verið talin ógild þar sem lóðum sé einungis úthlutað til lögaðila sem fást við byggingarstarfsemi og þá sé litið til fjárhagsstöðu og fyrri verkefna. Byggingafélagið Aðalvík hafi hins vegar ekki verið í rekstri í nokkur ár, sbr. ársreikninga félagsins árin 2003, 2002 og 2001.

Tekið er fram að Byggingafélagið Aðalvík hafi ekki getað sannað að Aðalvík hafi notað nafn sitt með villandi hætti en að nú sé sýnt fram á notkun Byggingafélagsins Aðalvíkur á nafni Aðalvíkur í eigin ágóðaskyni. Þá sé þess krafist að Neytendastofa beiti sér gegn slíkum viðskiptaháttum Byggingafélagsins Aðalvíkur og að fyrirtækið verði beitt viðurlögum vegna villandi notkunar á nafninu.

## 6.

Svar Aðalvíkur var sent Huldu R. Rúriksdóttur hdl., f.h. Byggingafélagsins Aðalvíkur, til upplýsinga með bréfi Neytendastofu, dags. 24. apríl 2006. Með bréfi, dags. 23. maí 2006, tilkynnti Neytendastofa málsaðilum að gagnaöflun væri lokið og að tafir væru fyrirsjáanlegar á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni. Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. júlí 2006, var enn tilkynnt um töf á afgreiðslu málsins.

Í bréfi Páls Jóhannessonar hdl., f.h. Aðalvíkur, dags. 12. september 2006, kemur fram að Aðalvík hafi, vegna villandi upplýsinga Byggingafélagsins Aðalvíkur, greitt reikninga fyrirtækisins vegna ADSL-þjónustu Símans hf. í eitt og hálf ár. Þegar þjónustan hafi verið pöntuð hafi Byggingafélagið Aðalvík eingöngu notað nafnið Aðalvík líkt og áður. Stjórnendum fyrirtækisins hafi varla dulist að ekki væri greitt fyrir þessa þjónustu en þrátt fyrir það hafi ekki verið gert vart um mistökin heldur hafi þau komist upp í samskiptum Aðalvíkur við Símann.



Bréf Aðalvíkur var sent Huldu R. Rúriksdóttur hdl., f.h. Byggingafélagsins Aðalvíkur, með bréfi Neytendastofu, dags. 29. september 2006. Með tölvupósti, dags. 9. október 2006, óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum frá Byggingafélaginu Aðalvík um það hvort einhver starfsemi væri á vegum þess.

Svar Byggingafélagsins Aðalvíkur er dagsett 17. október 2006 og með bréfinu fylgir staðfesting Skattstjórans í Reykjanesumdæmi á skilum virðisaukaskattsskýrslna sem ber með sér að starfsemi hafi verið í fyrirtækinu.

Í bréfinu er tekið fram að leitað hafi verið skýringa hjá Símanum um ástæðu misskilningsins en að hún sé óljós. Þessi mistök hafi verið leiðrétt og Byggingafélagið Aðalvík hafi greitt fyrir ýmsa þjónustu hjá Símanum allt frá stofnun fyrirtækisins. Þá er bent á að Byggingafélaginu Aðalvík hafi borist staðfesting frá Húsasmíðjunni þar sem Aðalvík hafi tekið út vörur á kennitölu Byggingafélagsins Aðalvíkur en það reyndar leiðrétt síðar. Að lokum eru fyrri rök ítrekuð og því mótmælt að Byggingafélagið Aðalvík hafi notað nafn sitt með villandi og jafnvel ólögætum hætti.

#### 7.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 23. október 2006, var bréf Byggingafélagsins Aðalvíkur sent Aðalvík. Svar Páls Jóhannessonar hdl., f.h. Aðalvíkur, er dagsett 17. nóvember 2006 og eru þar fyrri rök ítrekuð.

Í bréfinu segir að Byggingafélagið Aðalvík hafi ekki stundað starfsemi að ráði síðustu ár og að yfirlýsing skattstjóra um skattskylda veltu árið 2006 segir lítið í þeim efnum. Því síður sé ljóst ef um starfsemi sé almennt að ræða hvers konar starfsemi það sé.

Með bréfi, dags. 22. nóvember 2006, tilkynnti Neytendastofa málsaðilum að málsmeðferð væri lokið og að ákvörðun Neytendastofu yrði væntanleg innan skamms.

### III.

#### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvartar Byggingafélagið Aðalvík yfir notkun Aðalvíkur á firmanafninu. Byggingafélagið Aðalvík kveðst hafa orðið fyrir verulegum óþægindum þar sem Aðalvík hafi notað nafn sitt með villandi hætti og því hafi ógreiddir reikningar þess borist Byggingafélaginu Aðalvík.



Aðalvík segist ekki hafa notað nafn sitt á villandi hátt en bendir á að Byggingafélagið Aðalvík hafi hins vegar gert það og nefnir dæmi þess þar sem annars vegar var gefið upp nafnið Aðalvík eingöngu og hins vegar Aðalvík byggingafélag.

## 2.

Að mati Byggingafélagsins Aðalvíkur er notkun Aðalvíkur á firmanafninu brot á ákvæðum 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Ákvæði II. kafla laga um óréttmæta viðskiptahætti, svo sem 12. gr. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 12. gr. segir:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“*

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glögg af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga. Fyrri málslíður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíð 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.



Að mati Neytendastofu eru bæði firmanöfnin skráð á lögmatan hátt hjá fyrirtækjaskrá. Byggingafélagið Aðalvík var skráð árið 1991 en Aðalvík árið 1998. Að mati Neytendastofu kemur því 2. málsliður 12. gr. til álita í máli þessu. Ber þá að líta til þess hvort ruglingshætta milli fyrirtækjanna sé fyrir hendi.

### 3.

Eins og fram hefur komið verður að vera ruglingshætta á milli a.m.k. tveggja fyrirtækja til þess að ákvæði 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti eigi við. Neytendastofa telur samkvæmt gögnum þeim sem málsaðilar hafa lagt fram í málinu að bæði fyrirtækin séu í atvinnurekstri og noti firmanafn sitt við starfsemina.

Í gögnum málsins hefur verið sýnt fram á að ruglingur hafi átt sér stað milli málsaðila. Þannig hafi m.a. ógreiddir reikningar Aðalvíkur verið sendir Byggingafélaginu Aðalvík, meðferð umsóknar Byggingafélagsins Aðalvíkur vegna lóðaúthlutunar hafi miðast við Aðalvík og Aðalvík hafi greitt fyrir ADSL-þjónustu Byggingafélagsins Aðalvíkur.

Eðli málsins samkvæmt má gera ráð fyrir að lík nöfn fyrirtækja í sams konar rekstri leiði til einhvers ruglings milli aðila, s.s. að reikningsútgefendur sendi röngum aðila reikning. Ekki verður séð að Aðalvík noti nafn sitt með vísvitandi villandi hætti en hins vegar má ráða af gögnum málsins að Byggingafélagið Aðalvík noti einungis hluta firmanafns síns, þ.e. Aðalvík, eða víxli orðunum, þ.e. Aðalvík byggingafélag.

Að mati Neytendastofu veldur Byggingafélagið Aðalvík ruglingi með því að nota nafn sitt með slíkum villandi hætti. Sá ruglingur sem stafar af villandi notkun fyrirtækisins sjálfs er mun alvarlegri en þau óþægindi sem hljótast af því að reikningar séu sendir á rangan stað. Þá verður ekki séð að Byggingafélagið Aðalvík hafi með höndum byggingafrankvæmdir að neinu marki samkvæmt nýjasta ársreikningi fyrirtækisins, fyrir árið 2005.

Bæði Byggingafélagið Aðalvík og Aðalvík verða fyrir óþægindum vegna ruglings milli fyrirtækjanna hvort sem ástæðan er mistök viðskiptavina eða villandi notkun Byggingafélagsins Aðalvíkur. Neytendastofa fær þó ekki séð að tilvik þessi séu þess eðlis að ástæða sé til að banna notkun orðsins Aðalvík. Fyrirtæki verða þó ávallt að nota firmanafn sitt með þeim hætti að það skapi ekki rugling við keppinauta.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.



**IV.  
Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**